

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 13. apríl 2023

Mál nr. E-3018/2022:

A

(Stefán Geir Þórisson lögmaður)

gegn

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Kristín Edwald lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð, aðild og dómkröfur aðila

- Mál þetta var höfðað með stefnu birtri 23. júní 2022 og upphaflega tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 17. febrúar 2023. Málið var endurupptekið 17. mars 2023 í því skyni að ganga á vettvang. Að vettvangsgöngunni lokinni var málið endurflutt og dómtekið að nýju þann sama dag. Stefnandi er A, [...]. Stefndi er Sjóvá-Almennar tryggingar hf., [...].
- Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði bótaskylda úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar [...] hjá stefnda vegna líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir í umferðarslysi [...] 2020. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.
- Stefndi krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað.

Helstu málsatvik

- Stefnandi varð fyrir líkamstjóni í slysi [...] 2020. Þá var hann að hjóla eftir X í átt að Y, gegnt afleggjara sem liggur að P. Vegurinn er með bundnu slitlagi. Hjólið mun hafa runnið til í beygju með þeim afleiðingum að stefnandi féll af því, rann eftir veginum og slasaðist. Bifreiðinni [...], sem er ábyrgðartryggð hjá stefnda, var þá ekið í gagnstæða átt. Málsaðila greinir á um hvort notkun bifreiðarinnar hafi orsakað fall stefnanda af hjólinu og einnig um hvort stefnandi hafi rekist utan í bifreiðina þegar hann rann eftir veginum og slasast við það. Stefnandi kveðst hafa tekið krappari beygju en ella vegna þess að bifreiðin kom á móti honum og í því skyni hafi hann hallað hjólinu meira en hann hefði annars gert. Þetta hafi hann gert til að koma í veg fyrir árekstur við bifreiðina. Stefndi telur þetta ósannað.
- Í lögregluskýrslu, dags. [...] 2020, kemur fram að stefnandi hafi greint frá því á vettvangi slyssins, [...]. sama mánaðar, að hann hafi verið að hjóla eftir veginum þegar hann hafi „farið í holu og misst reiðhjólið undan sér“. Hann hafi sagst hafa „runnið yfir veginn og

farið utan í bifreiðina [...] áður en hann stöðvaði utan vegar“. Hann hafi kvartað undan verk í öxl og einnig hafi mátt sjá rispur og sár á fótum hans. Í sömu skýrslu er vitnað til frásagna ökumanns og farþega bifreiðarinnar. Haft er eftir þeim að þær hafi komið akandi úr gagnstæðri átt þegar stefnandi hafi „komið hjólandi fyrir hornið og runnið til í rigningunni“. Hann hafi runnið þvert yfir veginn og farið aftur fyrir bifreiðina. Þær hafi talið reiðhjólið hafa farið í vinstra afturdekk bifreiðarinnar en ekki hafi verið að sjá neina ákomu. Þær hafi sagt stefnanda ekki hafa orðið ruglaðan eða misst meðvitund. Sá tími sem tilgreindur er í skýrslunni er kl. 10:52 og fram kemur að verið hafi dagsbirta og rigning en ekki er getið um hvernig skyggni hafi verið.

6. Á slysdeginum, [...] 2020, skráði læknir á bráðadeild Landspítala m.a. eftirfarandi í sjúkraskrá stefnanda: „A var á hjóli, var líklega á 25 km hraða í beygju þegar hann datt og skautar á malbikinu. Sár verkur í hæ. upphandlegg. Kemur hingað með sjúkrabíl.“ Þá kemur fram að hann hafi verið með opið beinbrot á hægri upphandlegg. Sama dag bókaði hjúkrunarfræðingur á bráðadeild eftirfarandi í sjúkraskrána: „Er að hjóla á ca 25 km/klst. niður brekku. Er að beygja frá bíl, og dettur af hjólinu í kjölfarið. Lendir illa á hlið.“ Enn fremur bókaði læknanemi m.a. eftirfarandi í sjúkraskrána þennan sama dag: „A er [...] ára hraustur kk. sem datt af hjóli [...] um kl. 10:30 í dag [...].“
7. Í dagnótu sjúkraþjálfara frá [...] 2020, sem einnig er skráð í sjúkraskrá stefnanda, kemur fram að hann hafi hlotið beinbrot [...]. sama mánaðar „er hann lenti á mikilli ferð í árekstri við bíl“.
8. E, sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum, gerði aðgerð á stefnanda [...] 2020. Í læknaþréfi E og F sérfræðilæknis, dags. [...] 2020, er greint frá aðgerðinni og þeim áverkum sem ollu því að það þurfti að gera hana. Þar segir: „Frískur, réttthentur [...] ára [...]maður sem féll af hjóli á talsverðri ferð og lenti á bíl með hægri hlið.“ Í áverkavottorði E, dags. [...] 2021, kemur einnig fram að stefnandi hafi fallið af hjóli „á talsverðri ferð“ og lent „í kjölfarið á bifreið með hægri líkamshelming“. E gaf skýrslu fyrir dómnum og gerði þar grein fyrir því að þessi lýsing byggðist á frásögn stefnanda en að áverkar hans kæmu heim og saman við frásögnina. Áverkinn á upphandlegg benti til að stefnandi hefði fengið högg beint á brotastaðinn á upphandlegginn, þótt ekki væri hægt að segja til um það út frá áverkanum hvort höggið hefði stafað af árekstri við bifreið eða við einhvern annan harðan hlut. Ólíklegt væri að svona áverki kæmi til af því að detta á malbikaðan veg.
9. Í álitsgerð D læknis, dags. [...] 2022, um læknisfræðilega örorku stefnanda er þeim málsatvikum sem hér skipta máli lýst þannig að stefnandi hafi misst stjórn á hjóli sínu þegar það lenti í holu og hann hafi í kjölfarið lent með hægri líkamshelming á bifreið sem kom á móti.

10. Ökumaður bifreiðarinnar, B, gaf skýrslu fyrir dómnum. Hún greindi frá því að hún hefði nýlega verið búin að aka út af bílastæði inn á X, í átt að Y, og verið á lítilli ferð þegar hún mætti nokkrum hjólreiðamönnum. Þeir hafi hjólað samsíða og hún hafi ekið mjög hægt. Örstuttu síðar hafi hún séð stefnanda renna eftir veginum í átt að bifreiðinni. Hún hafi þá reynt að sveigja út á aðrein en þá fundið dynk þegar eitthvað hafi rekist utan í bílinn. Hún kvaðst ekki geta sagt til um hvort það hafi verið stefnandi, reiðhjólið eða eitthvað annað. Hún greindi frá því að eftir atvikið hefði verið örlítill sprunga í hjólkoppi bifreiðarinnar.
11. C, farþegi bifreiðarinnar, gaf einnig skýrslu fyrir dómnum. Hún greindi frá því að þennan dag hafi verið búin að rigna mikið og vegurinn hafi því verið blautur. Bifreiðin hafi verið nýbúin að mæta nokkrum hjólreiðamönnum sem hefðu að hennar mati hjólað glannalega miðað við hvað vegurinn var mjór. Mjög stuttu síðar hafi hún séð hjólreiðamann renna á hliðinni eftir veginum í beygjuni. Hann hafi þá greinilega verið dottinn af hjólinu. Bifreiðinni hafi þá strax verið ekið út af veginum til að reyna að afstýra árekstri. Síðan hafi hún og ökumaður bifreiðarinnar heyrt „smá dynk“ en hún viti ekki hvort það hafi verið stefnandi eða hjólið sem rakst utan í bifreiðina. Bifreiðin hafi þá verið á „eiginlega engum hraða“.
12. Í aðilaskýrslu sinni fyrir dómnum greindi stefnandi frá því að hann hefði verið að hjóla með félögum sínum umræddan dag. Hann hafi svo ákveðið að hætta að fylgja þeim vegna þess hve hratt þeir fóru. Hann hafi hjólað X til norðausturs frá Y. Í grennd við gatnamótin við þann veg sem liggja upp í Z og að Þ hafi hann komið að blindri hægri beygju. Þegar hann hafi verið að hjóla inn í beygjuna, niður í móti, hafi hann séð bíl koma á móti sér. Vegurinn hafi verið mjór og því lítið rými til að mætast. Hann hafi því séð að hann gæti ekki haldið þeirri „aksturslínu“ sem hann hefði ætlað sér að halda í gegnum beygjuna. Hann hafi því breytt um stefnu þegar hann sá bílinn koma til að afstýra því að lenda á honum. Þar sem þetta hafi verið hægri beygja hafi hann þurft að taka krappari beygju en ella til að komast fram hjá bílnum. Hann hafi því hallað sér inn í beygjuna til að ná henni. Hallinn hafi orðið of mikill með þeim afleiðingum að afturhjólið hafi runnið undan honum. Hann hafi þá lent á jörðinni, snúist hafi upp á hann, orðið hafi „allt að því endaskipti á hjólinu“ og hann hafi lent utan í bílnum. Við höggið sem kom vegna árekstursins við bílinn hafi hann handleggsbrotnað. Fram kom að hann hefði þá heyrt brothljóð frá handleggnum. Þá gat hann þess að það hallaði að beygjuni og hún væri nokkuð kröpp. Enn fremur kom fram að á þessum tíma hafi vegurinn verið mjög slitinn í köntunum og skörð inn í veginn út frá hliðunum. Því hefði hann almennt valið hjólalínu innar á veginum en hann gerði í umrætt sinn en vegna þess að hann var þá að mæta bíl hafi hann farið lengra út í kantinn og beygjan hafi af þeim sökum einnig orðið krappari.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

13. Stefnandi byggir dómkröfu sína á því að slysið verði rakið til notkunar bifreiðarinnar og orsakatengsl séu á milli þess líkamstjóns sem hann varð fyrir og áreksturs við bifreiðina [...] [...] 2020. Bifreiðin hafi á slysdegi verið tryggð lögboðinni ökutækjatrýggingu hjá stefnda og félagið beri því bótaábyrgð samkvæmt 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar á því líkamstjóni sem hann varð fyrir vegna slyssins. Bifreiðinni hafi verið ekið eftir veginum til móts við stefnanda sem hafi hafnað á henni í kjölfar þess að hann missti stjórn á reiðhjóli sem hann var á. Ljóst sé að bifreiðin hafi verið í notkun í umrætt sinn í skilningi laga nr. 30/2019.
14. Stefnandi, ökumaður bifreiðarinnar og vitni sem var farþegi í bifreiðinni hafi staðfest að stefnandi hafi lent á bifreiðinni með miklum dynk. Sú frásögn stefnanda að hann hafi lent á bifreiðinni komi einnig fram í samtímagögnum, m.a. í lögregluskýrslu sem hafi verið rituð strax eftir slysið og í læknaþreffi bæklunarlæknis.
15. Stefnandi áréttar að slysið hafi átt sér stað í blindbeygju á þröngum vegi. Ekkert slys hefði orðið ef bifreiðin hefði ekki verið á ferð á þessum stað og tíma, því þá hefði stefnandi ekki þurft að taka svo krappa beygju heldur hefði hann getað haldið ferð sinni áfram hindrunarlaust. Engu skipti í því sambandi þótt stefnandi hefði eins getað slasast við að lenda á einhverju öðru en bifreiðinni því staðreyndin sé sú að hann hafi lent á henni og slasast vegna þess. Tjón stefnanda hafi hlotist af því að hann hafi skyndilega orðið var við bifreið sem var ekið í átt að honum og hann hafi hafnað á henni þegar hann reyndi að afstýra árekstri. Ljóst sé að orsakatengsl séu milli notkunar bifreiðarinnar og þess líkamstjóns sem stefnandi hafi orðið fyrir og búi við í dag.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

16. Stefndi byggir á því að stefnanda hafi ekki tekist að axla sönnunarbyrði sína um að skilyrðum bótaábyrgðar stefnda sé fullnægt í málinu, sér í lagi hvað varðar orsakasamband. Þá telur stefndi jafnframt að skilyrði laga nr. 30/2019 um ábyrgð stefnda séu ekki uppfyllt í málinu. Um ábyrgð stefnda fari eftir 1. mgr. 4. gr. laganna. Í því felist að orsakatengsl þurfi að vera á milli notkunar ökutækis og tjóns svo að til bótaskyldu geti stofnast. Tjón stefnanda sé ekki að rekja til notkunar bifreiðarinnar [...] í skilningi ákvæðisins, aksturs bifreiðarinnar eða sérstaks búnaðar hennar eða eiginleika sem ökutækis. Stefnandi beri sönnunarbyrðina um þessi meintu orsakatengsl og honum hafi ekki tekist sú sönnun. Af gögnum málsins megi ráða að orsök slyssins hafi verið óhappatilviljun og beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.
17. Með vísan til fyrirbyggjandi lýsinga á slysinu liggja fyrir að fall stefnanda af hjólinu hafi orsakast af holu í veginum, bleytu eða slíkum ástæðum. Jafnframt liggja fyrir að stefnandi

hafi komið hjólandi niður brekku. Hann hafi verið á talsverðri ferð þegar hann féll í götuna og rann eftir malbikinu. Stefnandi hafi borið í lögregluskýrslu að hann hafi verið að hjóla eftir veginum þegar hann hafi farið í holu og misst reiðhjólíð undan sér. Auk þess sé málsatvikum lýst á sambærilegan hátt í fleiri gögnum málsins. Ekki verði annað ráðið af gögnum málsins en að frumorsök slyssins hafi verið sú að stefnandi hafi fallið af hjóli sínu vegna utanaðkomandi orsaka. Ekkert bendi til þess að stefnandi hafi hlotið aukin meiðsli við að lenda á bifreiðinni.

18. Ökumaður bifreiðarinnar hafi borið um að hafa ekið mjög hægt og hún hafi nýlega verið búin að mæta hópi hjólreiðamanna á mikilli ferð á þröngum veginum þegar hún sá stefnanda koma á reiðhjóli sínu fyrir hornið á nokkurri ferð. Hafi hún þá náð að víkja út í útskot hægra megin ásamt því að hægja enn á bifreiðinni. Með hliðsjón af þessu sé fullljóst að slysið hafi hvorki hlotist af akstri né sérstökum hættueiginleikum bifreiðarinnar sem ökutækis. Því hafi slysið ekki staðið í neinum tengslum við notkun bifreiðarinnar, sem sé skilyrði bótaréttar úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar.
19. Stefndi telur ósannað að stefnandi hafi lent á bifreiðinni. Óljóst sé af gögnum málsins hvort það hafi verið stefnandi eða reiðhjól hans sem hafi runnið á afturhjól bifreiðarinnar. Einungis njóti við frásagnar stefnanda sjálfs um að það hafi verið hann. Byggja verði á því að raunveruleg orsök slyssins hafi verið sú að stefnandi hafi lent í holu og slasast þannig. Það hafi verið tilviljun háð að bifreiðin var staðsett á þessum stað og tíma. Þá sé ljóst að stefnandi hafi verið dottinn af hjólinu þegar bifreiðinni var ekið inn í beygjuna, þar sem ökumaður bifreiðarinnar náði að víkja í útskot hægra megin á vegkantinum.
20. Verði lögð til grundvallar sú frásögn stefnanda að hann hafi skolið á afturhjól bílsins byggir stefndi á því að það hafi verið tilviljun ein að stefnandi lenti utan í bifreiðinni í stað þess að renna viðstöðulaust áfram út af veginum.
21. Verði ekki fallist á sýknu stefnda á framangreindum grundvelli byggir stefndi á því að bótaréttur stefnanda skuli aðeins viðurkenndur að hluta. Sú krafa er byggð á röksemdum um eigin sök stefnanda. Í því sambandi vísar stefndi til þess að gögn málsins bendi til þess að stefnandi hafi verið reyndur hjólreiðamaður. Þá hafi hann ekki gætt nægilega að sér miðað við aðstæður, svo sem vegna hraða, bleytu og annarra vegskilyrða.

Forsendur og niðurstöður

22. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Þá skal greiðsla bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækis vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi samkvæmt 1. mgr. 8. gr. sömu laga. Fyrir liggur að bifreiðin sem um ræðir og ber skráningarnúmerið [...] var tryggð með ábyrgðartryggingu hjá stefnda. Þá er ekki um það deilt

í málinu að stefnandi varð fyrir tjóni í umrætt sinn. Við úrlausn málsins reynir aftur á hvort tjónið hafi hlotist af notkun bifreiðarinnar í skilningi tilvitnaðs lagaákvæðis.

23. Þess að stefnandi hafi verið „að beygja frá bíl“ í umrætt sinn sér stað í þeim upplýsingum sem hjúkrunarfræðingur á bráðadeild Landspítala skráði í sjúkraskrá stefnanda strax á slysdeginum [...] 2020. Þetta kemur þó ekki fram í lögregluskýrslu frá sama degi en þar er þessum hluta málsatvika lýst þannig, á grundvelli frásagnar stefnanda, að hann hafi „farið í holu og misst reiðhjólið undan sér“. Þess að stefnandi hafi verið að beygja frá bíl er ekki heldur getið í þeim upplýsingum sem læknir á bráðadeild skráði í sjúkraskrá þennan sama dag, þar sem fram kemur að stefnandi hafi verið á hjóli, líklega á 25 km hraða, í beygju þegar hann hafi dottið og skautað á malbikinu. Þá er þessu lýst þannig í læknafréttum E bækunarsturðlæknis og F sérfræðilæknis, dags. [...] 2020, sem og í áverkavottorði E, dags. [...] 2021, að stefnandi hafi fallið af hjóli „á talsverðri ferð“ en aðdraganda þess er ekki lýst frekar. Í álitargerð D læknis, dags. [...] 2022, kemur aftur á móti fram að stefnandi hafi misst stjórn á hjóli sínu þegar það lenti í holu. Ökumaður og farþegi bifreiðarinnar [...] gátu ekki borið um þennan þátt málsatvikanna.
24. Málsatvikum er þannig lýst með mismunandi hætti í framangreindum gögnum. Að mati dómsins er þó ekki beint ósamræmi milli þessara frásagna, þar sem vera má að stefnandi hafi beygt meira en ella þegar hann sá bifreiðina koma á móti og hafi í framhaldi af því lent í holu á veginum eða vegkantinum. Að teknu tilliti til þess, sem og þess að strax á slysdegi var skráð í sjúkraskrá stefnanda að hann hefði verið „að beygja frá bíl“ í umrætt sinn, verður talið nægilega í ljós leitt að stefnandi hafi beygt meira og þannig fært sig nær vegkantinum til að mæta bifreiðinni, eftir að hann sá hana skyndilega koma á móti sér, eins og stefnandi staðhæfir. Sú frásögn fær einnig að mati dómsins samræmst aðstæðum á vettvangi, þar sem um blindbeygju er að ræða. Verður frásögn stefnanda af þessum hluta málsatvikanna því lögð til grundvallar við úrlausn málsins.
25. Málsaðila greinir einnig á um hvort sannað sé að stefnandi hafi rekist utan í bifreiðina þegar slysið varð. Það að hann hafi gert það á sér stoð í þeirri frásögn sem höfð er eftir stefnanda í lögregluskýrslu á slysdegi. Það sem haft er eftir ökumanni og farþega bifreiðarinnar í sömu skýrslu bendir aftur á móti til þess að hann hafi runnið aftur fyrir bifreiðina en að það hafi verið hjólið sem lenti á bílnum. Í skýrslum sínum fyrir dómnum gátu ökumaðurinn og farþeginn þó ekki fullyrt um hvort það hefði verið stefnandi eða hjólið sem rakst utan í bílinn. Í færslu læknis í sjúkraskrá stefnanda á slysdeginum kemur fram að stefnandi hafi dottið og skautað á malbikinu og í færslu hjúkrunarfræðings frá sama degi kemur fram að hann hafi dottið af hjólinu og lent illa á hlið. Enn fremur segir í færslu læknanema í skrána þennan sama dag að hann hafi dottið af hjóli. Í engum þessara færslna í sjúkraskrána á slysdeginum er þess getið að stefnandi hafi lent á bíl. Aftur á móti segir í dagnótu sjúkraþjálfara frá [...] 2020, þ.e. tveimur dögum eftir slysið, sem

einnig er skráð í sjúkraskrána, að stefnandi hafi lent „á mikilli ferð í árekstri við bíl“. Þá segir í læknafréfi E bæklunarskurðlæknis og F sérfræðilæknis, dags. [...] 2020, að stefnandi hafi lent á bíl með hægri hlið og í áverkavottorði E, dags. [...] 2021, kemur fram að hann hafi lent á bifreið með hægri líkamshelming. Enn fremur kemur hið sama fram í álitsgerð D læknis, dags. [...] 2022, um læknisfræðilega örorku stefnanda.

26. Samkvæmt framangreindu er sú staðhæfing stefnanda að hann hafi lent á bifreiðinni í umrætt sinn studd ýmsum gögnum málsins, allt frá þeirri frásögn sem höfð er eftir honum í lögregluskýrslu á slysdegi. Þótt einnig liggi fyrir ýmis gögn þar sem þessa er ekki getið er hið eina í gögnum málsins sem beinlínis mælir þeirri staðhæfingu í mót það sem haft er eftir ökumanni og farþega bifreiðarinnar á slysdegi í sömu lögregluskýrslu, þ.e. að hann hafi runnið aftur fyrir bifreiðina en að það hafi verið hjólið sem lenti á bílnum. Þar sem ökumaðurinn og farþeginn staðfestu ekki þá frásögn fyrir dómnum, heldur báru um að þær gætu ekki fullyrt um hvort það hafi verið stefnandi eða hjólið sem rakst utan í bílinn, hefur þetta atriði í lögregluskýrslunni lítið vægi við úrlausn málsins. Verður því lagt til grundvallar að stefnandi hafi rekist utan í bifreiðina í umrætt sinn. Þá verður ráðið af því sem fram hefur komið, þar á meðal framburðum ökumanns og farþega bifreiðarinnar, að bifreiðin hafi verið á ferð þegar það gerðist þótt sú ferð virðist hafa verið lítil.
27. Auk annars er deilt um það í málinu hvort tjón stefnanda hafi orsakast af árekstri við bifreiðina. Ekki er nauðsynlegt að tjón sé afleiðing beinnar snertingar við ökutæki til að bótaskylda geti stofnast á framangreindum grundvelli. Þó þarf að vera orsakasamband milli hættueiginleika ökutækisins og þess tjóns sem verður til að hin hlutlæga ábyrgðarregla 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 eigi við. Ætla verður að hættueiginleikar bifreiðarinnar sem stefnandi mætti í umrætt sinn hafi haft áhrif á þá ákvörðun hans að beygja nær vegkantinum enda alkunna að mikil hætta getur stafað af árekstri hjólandi vegfaranda við bifreið. Þá er ljóst að sá árekstur sem varð þegar stefnandi rakst á bifreiðina, eftir að hann féll af hjólinu, tengdist því að bifreiðin var í notkun í umrætt sinn, þótt ekkert bendi til þess að henni hafi verið ekið ógætilega. Að mati dómsins er rétt að virða þessa atburðarás sem eina heild.
28. Fyrir liggur að stefnandi hlaut opið beinbrot á hægri upphandlegg. Þá segir í læknafréfi E bæklunarskurðlæknis og F sérfræðilæknis, frá [...] 2020, að stefnandi hafi lent á bíl „með hægri hlið“ og í áverkavottorði E, dags. [...] 2021, segir að stefnandi hafi lent á bifreið „með hægri líkamshelming“. E staðfesti áverkavottorðið fyrir dómnum, kvað það byggjast á frásögn stefnanda og bar jafnframt um að þeir áverkar sem stefnandi hlaut fengju samræmt því að þeir kynnu að stafa af árekstri við bifreiðina. Að þessu virtu hafa að mati dómsins verið leiddar að því nægar líkur að tjón stefnanda hafi orsakast af

árekstri við bifreiðina, auk þess sem fall hans af hjólinu stóð í tengslum við þá staðreynd að hann var að mæta henni.

29. Tvær akreinar eru á veginum þar sem slysið varð og því nægt rými til að mætast. Þá má telja ljóst að alvanalegt sé að akandi og hjólandi vegfarendur mætist þar. Á hinn bóginn má telja að þegar stefnandi kom auga á bifreiðina koma á móti sér út úr blindbeygjunni hafi skammur tími gefist til ákvarðanatöku um hvernig bregðast skyldi við. Að mati dómsins verður ekki séð að þau viðbrögð hans að víkja nær vegkantinum hafi verið röng. Að þessu leyti sýnast málsatvik vera frábrugðin þeim sem fjallað var um í dómi Hæstaréttar frá 1. nóvember 2001 í máli nr. 181/2001, sem stefndi hefur vísað til, auk þess sem í því tilviki varð ekki árekstur við umrætt ökutæki. Að þessu virtu er að mati dómsins rétt að fallast á það með stefnanda að tjónið sem hann varð fyrir hafi hlotist af notkun bifreiðarinnar í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019.
30. Í 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 kemur fram að bætur fyrir líkamstjón megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að því með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Í áðurnefndum færslum í sjúkraskrá stefnanda á slysdegi kemur fram að stefnandi hafi verið á um 25 km/klst. hraða áður en hann féll af hjólinu. Þótt stefnandi hefði líkast til getað sýnt meiri gætni með því að hjóla hægar verður það að mati dómsins ekki metið honum til stórkostlegs gáleysis í skilningi tilvitnaðs lagaákvæðis að hafa hjólað á þeim hraða, þótt vegurinn hafi verið blautur og e.t.v. slitinn á köflum. Þá benda gögn málsins ekki til þess að háttsemi hans við hjólreiðarnar hafi að öðru leyti verið þannig að meta eigi hana með þeim hætti. Að þessu virtu verður hafnað sjónarmiðum stefnda um að einungis eigi að viðurkenna bótarétt stefnanda að hluta.
31. Með vísan til þess sem að framan var rakið verður fallist á kröfu stefnanda um viðurkenningu bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar [...] hjá stefnda vegna þess líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir [...] 2020.
32. Eftir þessum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað. Hann telst hæfilega ákveðinn 1.250.000 krónur.

Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Viðurkennd er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar [...] hjá stefnda vegna líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir í umferðarslysi [...] 2020.

Stefndi greiði stefnanda 1.250.000 krónur í málskostnað.

Þorsteinn Magnússon

